



## Minnisblað

Móttakandi: Atvinnuveganefnd Alþingis Dags.: 25. apríl 2014

Sendandi: Samband íslenskra sveitarfélaga og Fjórðungssamband Vestfjarða Málsnr.: 1403062SA

Málalykill: 401

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi, 319. mál**

Vísað er til fundar atvinnuveganefndar Alþingis með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fjórðungssambands Vestfjarða (FV) um ofangreint frumvarp 8. apríl sl.

Á fundinum var meðal annars rætt um möguleika á því að setja á fót svæðisnefndir sveitarfélaga í tengslum við skipulag strandsvæða, sbr. tillögu þess efnis í umsögn FV. Sú tillaga gerði ráð fyrir að bætt yrði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða um slíka nefnd sem starfa skyldi a.m.k. þar til komin væri fram löggjöf um skipulag haf- og strandsvæða.

Nefndin óskaði á fundinum eftir nánari útfærslu þeirrar tillögu og er hún sett fram í 1. lið minnisblaðsins.

### 1. Ákvæði um samráð vegna strandsvæðaskipulags

*Breyting á lögum nr. 71/2008*

Með hliðsjón af því að fjallað er um svæðaskiptingu fiskeldis í 5. gr. laganna varð það niðurstaðan að betur færi á því ákvæðið yrði ný málsgrein í þeirri grein fremur en ákvæði til bráðabirgða. Tillaga er því gerð um nýja 2. mgr. 5. gr., svohljóðandi:

*„Þau sveitarfélög, sem liggja að strandsvæði þar sem sjókvíældi er heimilt, hafa heimild til að setja á fót samstarfsnefnd vegna viðkomandi fiskeldissvæðis. Hlutverk samstarfsnefndar er að veita umsagnir um umsóknir um starfsleyfi og rekstrarleyfi til fiskeldis, vegna viðkomandi fiskeldissvæðis, á grundvelli bestu fáanlegu upplýsinga á hverjum tíma, s.s. nýtingaráætlana, svæðisskipulags og landsskipulagsstefnu. Auk umsagnarhlutverks skal nefndin sinna öðrum þeim verkefnum sem viðkomandi sveitarfélög fela henni á þessu sviði.“*

Skýringar við greinina:

*Ekki hafa enn verið lögfest ákvæði um skipulag haf og strandsvæða í íslenskum rétti. Síðustu misseri hafa þó komið fram ýmsar ábendingar um nauðsyn þess, m.a. með hliðsjón af aukinni nýtingu strandsvæða til sjókvíældis.*

*Skipulagsstofnun hefur sl. ár unnið skýrslur sem á einn eða annan hátt fjalla um skipulag á haf- og strandsvæðum. Í febrúar sl. gaf stofnunin út skýrslu, að beiðni ráðherra, sem ætlað er að móta grunn fyrir útfærslu löggjafar um þessi málefni. Vegna þessarar auknu nýtingar á strandsvæðum hefur verið bent á að nauðsynlegt sé að skapa grundvöll fyrir aðkomu sveitarfélaga á breiðari grunni*

en nú er gert með því að óska eftir umsögnum einstakra sveitarfélaga um umsóknir um rekstrarleyfi. Er því talið rétt, a.m.k. þar til lögfest hafa verið ákvæði um haf- og strandsvæðaskipulag, að heimila sveitarfélögum að setja á fót samstarfsnefndir vegna skilgreindra fiskeldissvæða.

Hlutverk slíkra nefnda verði einkum að veita umsagnir um umsóknir um rekstrarleyfi. Umsagnarhlutverk samstarfsnefnda þeirra sveitarfélaga sem liggja að svæðum þar sem fiskeldi í sjókvíum er heimilt er mikilvægt með hliðsjón af skipulagi strandsvæða þar sem þá verði umsagnir veittar að teknu tilliti til aðstæðna á öllu svæðinu í stað þess að taka eingöngu mið af aðstæðum í hverju og einu sveitarfélagi.

Samhliða þyrfti að gera breytingu á 2. másl. 2. mgr. 7. gr. laganna (breytingar innan hornklofa):

*„Einnig skal stofnunin leita umsagnar Veðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunar, [eð] viðkomandi sveitarstjórnar [og samstarfsnefndar á grundvelli 2. mgr. 5. gr., ef slík nefnd er starfandi,] eftir því sem við á um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldistofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.“*

## **2. Aðrar ábendingar**

Sambandið og Fjórðungssamband Vestfjarða vísa jafnframt til nefndarálits atvinnuveganefndar um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014–2017. Þar er m.a. lagt til hvað varðar atvinnumál að unnið verði að sérstöku átaki á vegum stjórnvalda til að styðja við grunnrannsóknir og skipulagsmál, til að markviss uppbygging sjókvíaeldis geti orðið.

Með því að gera ráð fyrir samstarfsnefndum fiskeldissvæða er stigið skref í þá átt að stuðla að markvissri uppbyggingu sjókvíaeldis, með þeim hætti að umsagnarhlutverk vegna umsókna um rekstrarleyfi verði útvíkkað og nái ekki eingöngu til viðkomandi sveitarfélaga heldur einnig til samstarfsnefndar viðkomandi fiskeldissvæðis. Þannig verði stuðlað að því að hver umsókn um rekstrarleyfi fá umfjöllun m.t.t. svæðisins í heild en ekki eingöngu frá sjónarhóli hvers og eins sveitarfélags.